

Birgir Kjaran, hagfræðingur: Frjáls verzlun



Sumir halda því fram, að af frjálsri verzlun myndi leiða félagslegt ranglæti fremur en undir haftastjórn. Slíkt er staðlausir stafir. Að vísu mundi kaupgeta þegnanna vera mismunandi undir þessu verzlunarkerfi, eins og raunar á sér stað, hvert svo sem hagkerfið er. Hins vegar eru möguleikar til tekjujöfnunar eftir öðrum leiðum, t.d. skatta- og fjármálapólitík ríkisins, sízt minni þótt verzlunin sé frjáls, og hitt væri aftur tryggt, að nú fengju menn vörur fyrir tekjur sínar, án tillits til annarrar aðstöðu, en á því er jafnan mikill brestur undir haftakerfi. Í raun og veru má segja, að frjáls verzlun sé eina lýðræðislega og félagslega (sósíala) verzlunarkerfið, því að þar eru völdin lögð í hendur þegnanna, en ekki ríkisins, embættismanna eða einokunar. Það verða þá ekki stofnanir eða stjórnir, sem ákveða í hvaða hlutföllum flytja eigi inn framleiðsluvörur eða neyzluvörur. Það verða þegnarnir sjálfir, sem ráða því. Innflytjendurnir, kaupmenn eða kaupfélög, verða þjónar fólksins, sem reyna að hafa á boðstólum þær vörur, sem óskað er. Neytendurnir kaupa vörurnar, þar sem þeir fá þær beztar og ódýrastar, og knýja þá, sem vörurnar selja, til samkeppni. Þannig verður neytandinn húsbóndi á sínu heimili og þarf ekki að haga neyzlu sinni og lífsvenjum eftir kennisetningum eða kenjum einhverra embættismanna eða nefnda, sem á tímum haftanna eru allsráðandi um það, hvað almenningur leggur sér til munns eða klæðis. Þegnarnir þurfa enga slíka forsjón, þeir vita sjálfir bezt, hvar skórinn kreppir. Með frjálsri verzlun myndast þannig lýðræði í atvinnumálum, hliðstætt því, sem menn njóta í stjórnámálum, því að hver neytandi fer þar sjálfur með sitt atkvæði og hefur með eftirspurn sinni bein áhrif á verðlag, vöruval, vörugæði, framleiðslu og innflutning til landsins.

Hér hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess að túlka frjálsa verzlun sem óskekula, trúarlega kennisetningu, heldur skal viðurkennt, að þjóðarbúskapurinn geti vegna innri eða ytri meinsemda færzt svo úr skorðum, að um stundar sakir þurfi að grípa til óeðlilegra neyðarráðstafana. Það er og játað, að stundum geti þjóðin talið sér nauðsyn að fórna efnahagslegum ávinningi vegna annarra sjónarmiða og setji þá einhverjar skorður við því, að verzlunin sé algerlega frjáls. En þetta breytir engu um það, að frjáls verzlun er almennt tvímælalaust æskilegasta verzlunarkerfið og það eina, sem auka mun velmegun allrar þjóðarinnar til frambúðar.

Hundrað ára saga vaxandi verzlunarfrelsis Íslendinga er óhrekjanleg sönnun þess, að frjálsari verzlun fylgja stöðugt auknar framfarir og vaxandi farsæld alþjóð til handa.

(1955)



Jólaúttílling í skóverzlun Hvannbergsbræðra.